

100. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964.

Ákvæði til bráðabirgða.

Svo fljótt sem auðið er eftir gildistöku laga þessara, skal leggja fyrir Alþingi tillögu til bráðabirgða vegáætlunar, er gildi fyrir árið 1964.

Framkvæmdáætlunir fyrir sýsluvegi samkv. 17. gr. laga þessara skulu einnig gerðar til bráðabirgða fyrir árið 1964.

Fyrir reglulegt Alþingi haustið 1964 skal leggja tillögu til vegáætlunar samkv. III. kafla laga þessara og nái hún yfir árin 1965—1968.

Framkvæmdáætlunir fyrir sýsluvegi 1965—1969 skulu gerðar fyrir 1. júní 1965.

Enginn vegur skal falla úr þjóðvegatölu næstu 5 ár eftir gildistöku laga þessara, nema nýr vegur hafi komið í stað gamals.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G**um hækkun á bótum almannatrygginganna.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bætur samkv. lögum nr. 24/1956, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 13/1960, um breyting á þeim lögum, lög nr. 86/1960, um bráðabirgðabreyting sömu laga, lög nr. 95/1961, um hækkun á bótum almannatrygginganna, og lög nr. 89/1962, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 24/1956, um almannatryggingar, að undanteknum fjölskyldubótum, skulu, eftir því sem við getur átt, hækka um 15% frá 1. júlí 1963.

Frá 1. janúar 1964 skulu bætur, samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, að undanteknum fjölskyldubótum, samkvæmt 15. gr. laganna, hækka um 15%.

2. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða hækkun þá á bótum á árinu 1963, sem um ræðir í 1. mgr. 1. gr., til hvers bótaþega í einu lagi fyrir árslok 1963.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 9. desember 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.